

65. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 29. janúar 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sædis Ólöf Þórsdóttir og Freyja Ragnarsdóttir Pedersen.

Forföll boðuðu Gauti Geirsson, Tryggvi B Bjarnason og Sif Huld Albertsdóttir. Halldór Halldórsson varamaður Gauta Geirssonar gat ekki setið fundinn vegna skamms fyrirvara. Freyja Ragnarsdóttir Pedersen situr fundinn sem varamaður Tryggva í stjórn.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnu og byggðapróunar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

- 1. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2025**
- 2. Starfsmannamál Vestfjarðastofu**
 - a. Verkefnastjóri farsældar
 - b. Verkefnastjóri brothættra byggða á Reykhólum
 - c. Erindi heimastjórnar Patreksfjarðar
- 3. Gjaldtaka í ferðapjónustu**
- 4. Ný starfsstöð Vinnumálastofnunar í Vestrahúsi**
- 5. Minnisblað - byggðakvóti og strandveiðar**
- 6. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 7. Fundargerðir til kynningar**
 - a. Fundargerð 116. fundar stjórnar SSNV
 - b. Fundargerð 69. fundar SSNE 13. desember 2024
 - c. 156. stjórnarfundur Austurbrúar 13. desember 2024
 - d. 7. fundur stjórnar SSA 13. desember 2024
 - e. 594. Fundur stjórnar SSH 6. janúar 2025
 - f. 185. Fundur stjórnar SSV 19. desember 2024

Fundur stjórnar FV

- 1. Fjárhagsáætlun FV (ath hönnunarstaðall)**
- 2. C1 umsóknir FV**
- 3. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV**
 - a. Reykhólahreppur
- 4. Umsagnir:**

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og kannaði hvort athugasemdir væru við dagskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram.

Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2025

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Hún kynnti að staðfest hefðu verið framlög sem áður hafa verið áætluð en að öðru leyti eru litlar breytingar. Fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.

2. Starfsmannamál Vestfjarðastofu

a. Verkefnastjóri farsældar

Framkvæmdastjóri kynnti að staðfest væri ráðning Ernu Leu Bergsteinsdóttur Hún hæfi störf í lok febrúar eða byrjun mars.

b. Verkefnastjóri brothættra byggða á Reykhólum

Framkvæmdastjóri kynnti að staðfest væri ráðning Emblu Daggar Bachmann, Hún hefur störf í byrjun febrúar.

c. Erindi heimastjórnar Patreksfjarðar

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Hún kynnti erindi frá heimastjórn Patreksfjarðar varðandi breytingar í starfsmannahaldi.

Til máls tóku; auk framkvæmdastjóra Elísabet, Freyja, Gylfi, Guðrún Anna, Lilja, Sædís

Bókun að aflokinni umræðu lögð fram til afgreiðslu

Stjórn Vestfjarðastofu hefur ekki tekið ákvörðun um að fækka stöðugildum hjá Vestfjarðastofu en fjöldi stöðugilda er háður verkefnastöðu hverju sinni. Fjöldi starfsmanna á hverri starfstöð getur einnig verið mismunandi. Þó er stefnt að því að ekki séu færri en tveir verkefnastjórar starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum og tveir á Ströndum/Reykhólum hverju sinni.

Flest störf Vestfjarðastofu, önnur en þau sem eru tengd með samningum tilteknu svæði, eru jafnan auglýst án staðsetningar sem má vinna á hvaða starfstöð Vestfjarðastofu sem er. Komi til þess að ekki séu tveir starfsmenn á hverju svæði verður næsta lausa staða auglýst með staðsetningu.

Stjórn Vestfjarðastofu þakkar heimastjórn brýninguna því ávallt er mikilvægt að gæta þess að starfsemi Vestfjarðastofu dreifist eins mikið og mögulegt er.

Tillaga að bókun samþykkt samhljóða.

3. Gjaldtaka í ferðapjónustu

Formaður kynnti minnisblað sem Sölvi Guðmundsson, teymisstjóri markaðs og menningar hefur tekið saman, þar sem sett eru fram atriði er varða gjaldtöku í ferðapjónustu og óskar afstöðu stjórnar til málsins til að leggja inn í umræðu á vettvangi ferðapjónustu og stjórnarsýslu hennar. Framkvæmdastjóri upplýsti að Sölvi væri forfallaður en hún tæki niður punkta.

Stjórn Vestfjarðastofu er ekki andsnúin gjaldtöku af nýtingu auðlinda landsins en leggur áherslu á fyrirsjáanleika og heildarsýn þegar kemur að slíkri gjaldtöku.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Sædís, Elísabet og Freyja.

4. **Ný starfsstöð Vinnumálastofnunar í Vestrahúsi** Framkvæmdastjóri kynnti drög að bókun til umræðu varðandi endurnýjun á húsnaði starfsstöðvar Vinnumálastofnunar á Ísafirði í framhaldi af sameiningu starfsemi Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs. En báðar þessar stofnanir hafa um árbil verið með starfsstöðvar á Ísafirði.

Til máls tóku Gylfi, Elísabet, Sædís.

Formaður bar upp tillögu að bókun að aflokinni umræðu.

Stjórn Vestfjarðastofu óskar sameinaðri Vinnumálastofnun/Fjölmenningssetri til hamingju með nýja og glæsilega aðstöðu í Vestrahúsinu á Ísafirði. Jákvætt er að sjá með hve miklum myndarbrag Vinnumálastofnun hyggst fjölga stöðugildum hjá starfsstöðinni á Ísafirði.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. **Minnisblað - byggðakvóti og strandveiðar**

Formaður gaf Guðrúnu Önnu Finnbogadóttur teymisstjóra atvinnusviðs hjá Vestfjarðastofu orðið. Hún kynnti efni minnisblaðs um stöðu og hugsanlega þróun í sjávarútvegi á Vestfjörðum m.t.t. samspils byggðakvóta og boðaða eflingu strandveiða.

Formaður þakkaði Guðrúnu fyrir gagnlega samantekt og telja má að nýtist í umræðu um þróun sjávarútvegs á Vestfjörðum.

Til máls tóku auk formanns, Sædís, Lilja, Aðalsteinn, Elísabet og Lilja

Elísabet vék af fundi.

Formaður óskaði eftir umræðu um næstu skref s.s. nánari greiningar eða efni til bókunar á næsta fundi.

Formaður lagði til við stjórn að fela formanni og framkvæmdastjóra að setja sig í samband við atvinnuvegarráðuneyti til að ræða sjónarmið sem rædd voru undir þessum dagskrárlið. Málið verði rætt að nýju á næsta stjórnarfundum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra

Formaður þakkaði skýrslu framkvæmdastjóra.

7. **Fundargerðir til kynningar**

- a. Fundargerð 116. fundar stjórnar SSNV
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2025/fundargerð_116.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- b. Fundargerð 69. fundar SSNE 13. desember 2024
<https://www.ssne.is/static/files/Fundergerdir/StjornSSNE24/fundergerd-69-fundar-1-.pdf>
- c. 156. stjórnarfundur Austurbrúar 13. desember 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/12/156.-stjornarfundur-Austurbruar-13.-desember-2024.pdf>

- d. 7. fundur stjórnar SSA 13. desember 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/12/7.-stjornarfundur-SSA-13.-desember-2024.pdf>
- e. 594. Fundur stjórnar SSH 6. janúar 2025 <https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>
- f. 185. Fundur stjórnar SSV 19. desember 2024
<https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/12/185-fundur-stjornar-SSV-fundargerdd.pdf>

Lilja, Sædís og Guðrún Anna véku af fundi.

Fundur stjórnar FV

1. Fjárhagsáætlun FV

Formaður kynnti hugmynd að samræma hönnun Fjórðungssambands eða hönnunarstaðal við merki Vestfjarðastofu. Óskað hefði verið eftir tilboðum í vinnu að verkefninu.

Framkvæmastjóri kynnti beiðni um að veita 1 mkr úr varasjóði stjórnar, Vestfjarðastofa mun leggja fjármagn á mót.

Tillagan borinn og samþykkt samhljóða.

2. C1 umsóknir FV

Framkvæmdastjóri kynnti efni fjögurra umsókna í aðgerð C1, Byggðaáætlunar, sem sendar voru til Byggðastofnunar í lok síðustu viku, umsóknirnar eru byggðar á tillögum sveitarfélaga á Vestfjörðum og umfjöllunar starfsmanna. Vænta má niðurstöðu í mars n.k..

3. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV

a. Reykhólahreppur

Kynnt að sveitarstjórn Reykhólahrepps hafi samþykkt á fundi sínum þann 11. desember s.l. að Jóhanna Ösp Einarsdóttir, verði áheyrnarfulltrúi í stjórn Fjórðungssambandsins.

Upplýst að aðrir áheyrnarfulltrúar eru þeir Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi, Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurreppi og Matthías Lýðsson, Strandabyggð.

Framkvæmdastjóra falið að boða áheyrnarfulltrúa

4. Umsagnir:

a. Umsagnir til skoðunar

Lagt fram til kynningar greinargerð frá Fjarskiptastofnun. Samráð um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda FST (2024) 8. Frestur til að skila umsögn um málið er til 31. janúar n.k..

Sviðsstjóri kynnti efni greinargerðarinnar og tillögu að bókun. Hann kynnti einnig að leitað hafi verið til annarra landshlutasamtaka um sameiginlega bókun.

Bókun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga:

Ríkið standi við loforð um uppbyggingu farsímanets

Greinargerð Fjarskiptastofu upplýsir um framgang og stöðu fyrir uppbyggingu farnets á stofnvegum landsins. Nánar tiltekið breytingar á skilmálum háhraðanets á stofnvegum á grunni úthlutunar tíðnisviða á árinu 2023. Sett var kvöð á fjarskiptafyrirtækin að koma að uppbyggingu háhraðanetskerfi samstarfi við Öryggisfjarskipti ehf., á þeim stofnvegum þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi.

Ríkið standi við gefin loforð

Greinargerðin upplýsir að Öryggisfjarskipti ehf. muni vegna fjárskorts á árinu 2025 ekki geta staðið við sinn hluta samstarfsins. Tillaga Fjarskiptastofu er að seinka tilgreindum frestum á kvöð fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu kerfisins um eitt ár eða til ársloka 2027.

Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar þessa stöðu sem hér er kominn upp og skora á stjórnvöld að bregðast nú þegar við og veita Öryggisfjarskiptum ehf. fjármagn á árinu 2025 til að verkefnið haldi áætlun.

Tryggja verður að farnet þjóni vegfarendum um land allt jafnt íbúum sem ferðamönnum og setja verður sérstaklega í forgang þá vegkafla þar sem ekkert farnetssamband er til staðar í dag. Sömu leiðis þarf að tryggja að samskiptakerfi viðbragðaðila verði byggt upp samhliða.

Landshlutasamtök hafi sæti við borðið

Sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra hafa ekki haft beina aðild að framgangi þessa verkefnis. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er kominn upp er það krafa sveitarfélaga að þau verði kölluð til samstarfs. Því er gert að tillögu að sveitarfélög eða landshlutasamtök verði tilgreind í 2. tölulið um Tíðniheimild Öryggisfjarskipta í 9. kafla greinargerðar um „Samandregin áform FST um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda“.

Formaður ræddi efni máls og gerði að tillögu að sviðstjóra verði falið að kynna efni bókunar fyrir öðrum landshlutasamtökum og senda inn umsögn til Fjarskiptastofnunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.53.